

1874.

28. febrúar.

samkvæmt almennum hegningarlögum handa Íslandi, 25. júní 1869, 307. gr.

Frá 15. degi ágústm. þ. á. skal öll hegningarvinna, sem menn eru dæmdir í samkvæmt almennum hegningarlögum handa Íslandi, 25. júní 1869, úttekin í hegningarhúsinu í Reykjavík.

Frá sama tíma skal beita þeim ákvörðunum í tæðum hegningarlögum, sem ákveða fangelsishegningar (einfalt fangelsi, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og fangelsi við vatn og brauð), og sömuleiðis þeim ákvörðunum, sem 31. grein í sömu lögum, 2. og 3. kafli, hefir inni að halda um afplánun sekta, að því leyti, sem snertir allar þinghár í suðurumdæmi Íslands, að Vestmannaeyjum undanteknum, og skal hegningin í þessum tilfellum úttekin í fangelsi því, sem búið er að koma upp í Reykjavík.

Eptir þessu eiga allir hlutadeigendur sèr þegnlega að hegða.

28. febrúar.

20. Tilskipun um hvernig úttekin skuli hegningarvinna í hegningarhúsinu í Reykjavík. (á Íslenzku og Dönsku).

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að ákveðið er með konunglegri tilskipun, sem dagsett er í dag, að hegningarhús það, sem búið er að koma upp á Íslandi, skuli verða notað frá 15. ágústm. þ. á., hefir Oss þóknazt, að setja eptirfylgjandi almennar reglur um hvernig hegningarvinna skuli úttekin í tæðu hegningarhúsi.

1.

Hegningarvinna í sameining.

1. grein.

Hegningarvinnu, sem skal úttekin á þá leið, að þeir, sem í hlut eiga, vinna saman, hvort sem hegningin er typtunarhúsvinna eða betrunarhúshegning, er með samþykki landshöfðingjans verður úttekin með vinnu á samvinnustofu annaðhvort að öllu eða að

nokkru leyti, skal beita samkvæmt þeim reglum, sem hér eru 1874.
settar um það. 28. febrúar.

A. Typtunarhúsvinnan.

2. grein.

Hegningarvinnan skal úttekin með samvinnu á daginn, eptir reglum þeim, sem nákvæmar verður skýrt frá hér á eptir. Á nóttunni skulu fangarnir venjulega vera í kompum sér.

3. grein.

Dagskipun og vinnutími fanganna er eins og hér segir:

Fótaferðatíminn er kl. $4\frac{3}{4}$ á morgnana frá 1. maí til 30. septbr., og á hinum tíma ársins kl. $5\frac{3}{4}$. Hálfri stundu síðar skal tekið til vinnu, og henni haldið áfram til kl. 8 á kvöldin; þó skal gjöra hlé á vinnunni þá gengið er til máltíða á tilteknum tímum, og skal morgunverður haldinn frá kl. $7\frac{3}{4}$ til kl. $8\frac{1}{4}$ fyrir miðjan dag, miðdegisverður frá kl. 12 til 1, og kvöldverður frá kl. 5 til $5\frac{1}{2}$ eptir miðjan dag, og auk þess verður hlé á vinnu, á meðan fangarnir hafa útgönguleyfi, og þeir eru til kennslu. Á kvöldin eru fangarnir undanþegnir vinnu, frá kl. 8 til kl. $8\frac{1}{2}$, og ganga þeir þá til hvílu.

Á öllum sunnudögum og helgidögum eru fangarnir undanþegnir vinnu allan daginn, og frá kl. 5 eptir miðjan dag á fæðingardegi konungs, á aðfangadegi jóla, og daginn fyrir páska, hvítasunnu, nýjársgdag og kongsbænadag. Ennfremur skal hætt við vinnu hvern laugardag kl. 5 eptir miðjan dag, en tíminn til kl. 8 skal notaður til hreinsunarverka, og til þess að líta eptir vinnu-áhöldum og skila óhreinum nærfötum og taka aptur við hreinum. Einu sinni á dag skal föngum þeim, sem eru á samvinnustofunum, leyft að vera undir berum himni hálfra stundu, en föngunum í kompunum tvisvar á dag jafnlangan tíma (sbr. 12. gr. í þessari tilskipun). Fangarnir úr kompunum mega koma út allir í senn, nema þeir sé settir í kompu sér í hegningarskyni, en þá skal einnig við útgöngu skilja þá að.

Fangarnir skulu ávallt látnir starfa eitthvað á vinnutímanum.

1874.

28. febrúar.

Endrarnær skal, ef ekkert er því til fyrirstöðu að öðru leyti, föngunum leyft að hafa um hönd hina daglegu vinnu sína. Til þess að hvetja fangana til iðni, skal veita þeim vinnulaun, ef þeir ljúka við þá skylduvinnu, sem þeim er sett fyrir, og má hafa helminginn af því til þess að útvega þeim meiri eða betri fæðu, en hinn helminginn skal leggja upp; en samt má leyfa fanganum að taka af því til þess að hjálpa konu og börnum, með því skilyrði, að ávallt verði haldið eptir að minnsta kosti 10 rd. Sè fanga hegnt með því að taka af honum vinnu, skal ávallt setja hann í kompu sèr.

4. grein.

Landshöfðingi skal gjöra ráðstöfun til, að haldin sè guðsþjónusta fyrir fangana, og til þess, að þeim föngum verði veitt kennsla, sem kunna að vera hæfir til þess. Sèrhver fangi skal hafa hina almennu sálmabók og nýja testamentið.

5. grein.

Ef fangi verði veikur, skal fara með hann eptir því, sem lækurinn segir fyrir. Sè fanginn eigi fær um að vinna, skal leggja hann á sjúkrakompuna. Verði fangi geðveikur og lagður á sjúkrahús eða hjúkrunarhús fyrir geðveika, skal vera hans þar talin með hegningartímanum.

6. grein.

Ef fangi verði fenginn í hendur rættarins þjónum útaf réttarannsókn á einhverju máli, skal landshöfðingi í hverju einstöku tilfelli úrskurða, þá er fanginn er aptur settur í hegningarhúsið, hvort vera hans í varðhaldsfangelsinu skuli talin með hegningartímanum eða ekki. Kostnaðurinn við flutning fangans frá hegningarhúsinu og þangað aptur lendir ekki á hegningarhúsinu.

7. grein.

Ef fangi strýkur úr hegningarhúsinu, verður sá tími, er líður þangað til hann er settur inn aptur, eigi í neinu tilfelli talinn með hegningartímanum.

1874.

8. grein.

28. febrúar.

Í sérhverri fangastofu skal vera slegið upp einu exemplari af reglum þeim, sem settar eru föngunum um að viðhalda góðri röð og reglu, og af reglugjörðunum um fæðslu þeirra og vinnuskipun. Eigi má meina föngunum að koma á tal við stjórn hegningarhússins.

9. grein.

Eigi mega fangarnir skrifast á við ættingja sína eða menn, sem ekki eru viðriðnir hegningarhúsinu, eða þeir heimsækja fangana, nema með leyfi lögreglustjórans í hverju einstöku tilfelli. Eigi má senda af stað neitt bréf eða fá það fanganum, nema stjórn hegningarhússins hafi áður lesið það. Fangarnir geta skorast undan að tala við þá menn, sem ekki eru viðriðnir hegningarhúsinu.

10. grein.

Með brot, sem framin eru gegn góðri röð og reglu í hegningarhúsinu, skal farið samkvæmt tilskipun 5. janúar 1874. Það er vitaskuld, að stjórnin geti skyldað hvern fanga til að bæta allan þann skaða, sem hann af ásettu ráði eða af gáleysi veldur hegningarhúsinu, af því, sem hann hefir unnið sér inn með aukavinnu.

11. grein.

Hegningarvinnan skal úttekin samkvæmt hinni áfram líðandi hegningarreglu á þrem stigum, sem eru:

I. undirbúningsstigið,

II. þvingunarstigið,

III. yfirferðarstigið.

Við þetta bætist eptir því, sem á stendur, sem fjórða stig takmörkuð og skilyrðum bundin uppgjöf á hegningu.

Að öðru leyti skal öll hegðun fangans gjörð að álitum á þeim tímum, sem hér á eptir verður nákvæmar ákveðið um, og skal gefa honum fyrir siðferði hans og iðni við vinnu sína einhverja af þessum fjórum einkunnum: »mæta vel«, »vel«,

1874. »laklega« og »illa«, og gildir hver þessara einkunna um sig 3,
28. febrúar. 2, 1 og $\div$ 3 tröppur.

12. grein.

I. Undirbúningsstigið.

A þessu stigi skal fanginn vera ákveðinn tíma, sem er 3 mánuðir, og skal hann sitja í kompu sèr, sbr. samt það, sem fyrir er mælt í niðurlagi greinarinnar.

Þegar komið er með fangann í hegningarhúsið, skal setja hann í viðtökukompuna, og situr hann þar 3 daga. Á meðan hann er þar skal baða hann, færa hann í fangabúninginn, og taka frá honum allt, sem hann hefir meðferðis; skal læknirinn skoða hann, og skal á fangaskrána rita allt, sem sagt verður um undanfarna æfi hans og heilbrigðisástand, og skal nákvæmlega færa til bókar það, sem hann hefir haft með sèr af peningum, fatnaði o. s. frv.

Vinna fangans á þessu stigi skal vera í því fólgin, að tægja upp kaðla, eða einhver önnur þess háttar handvinna, sem sè hæg og einföld, og skal eigi sett fyrir nein skyldvinna, en vinnulaun verða heldur ekki veitt. Fanginn getur ekki skorast undan að vera við guðsþjónustugjörðina. Auk sálmaþókarinnar og nýja testamentisins verða fanganum að eins fengnar guðsordabækur úr bókasafninu eptir því, sem presturinn tekur til. Meðan fanginn er úti, skal hann sífellt vera á hreyfingu, og er það bannað að gjöra nokkurn hávaða eða jafnvel hafa samræður við aðra, og skal þessa einnig gætt, þegar farið er með fangann ofan í garðinn og þaðan aptur. Eigi má taka fanga úr kompunni, til þess að fara með hann á annan stað en ofan í garðinn eða til guðsþjónustu, nema lögreglustjóri beinlínis leyfi það.

Við lok hvers mánaðar, eptir að fanginn var settur í hegningarhúsið, skal gefa honum tvær einkunnir, aðra fyrir hegðun hans yfirhöfuð og hina fyrir iðni hans við vinnuna. Eins og vikið er á að framan, er ákveðið, að hann skuli vera á þessu stigi, í 3 mánuði, án tillits til þess, hvernig hann hegðar sèr, en einkunnin fyrir hegðun hans ræður, í hvern flokk hins næsta stigs hann skuli settur. Hafi hann sumsè náð 12 tröppum (að

meðaltali einkunninni »vel«), skal hann þegar fluttur í annan flokk þvingunarstigsins; en að öðrum kosti verður hann að byrja á neðsta flokki þvingunarstigsins. Fyrir þann tíma, sem fanginn hefir legið á sjúkrastofnunni, skal að eins gefa honum eina einkunn, þ. e. fyrir hegðun hans, og verður í þessu tilfelli einkunnin látin gilda tvöfalt.

A meðan fanginn er á þessu stigi, er það skylda bæði lög-reglustjórans og prestsins að vitja hans optlega, sérilagi til þess að skýra honum fullkomlega frá grundvallarreglu þeirri, sem farið er eptir, og sýna honum fram á, að það sè komið undir honum sjálfum, hvernig kjör hans verði í hegningarhúsinu.

Ef lækurinn álistur það óumflýjanlega nauðsynlegt, má þegar setja fangann á samverustofuna með leyfi lögreglustjórans.

13. grein.

II. Þvingunarstigið.

Þetta stig skiptist aptur í 3 flokka, 1., 2. og 3. flokk. Fangarnir skulu vera við vinnu á vinnustofum fyrir lokuðum dyrum. Til þess að komast upp í efri flokk, skal fanginn hafa fengið ákveðinn tröppu-fjölda, og er þar að auki ákveðið, hvað langan tíma fanginn í minnsta lagi skuli vera í hverjum flokki — og getur hann eigi stýtt þennan tíma —, eins og eptir-fylgjandi yfirlit nákvæmar sýnir:

1874.

28. febrúar.

Hegningartíminn, sem fanginn er dæmdur í.	Undirbúningsstígið.	Þvingunarsstígið.			Yfirferðarsstígið.	Hin ófyllkomna hegningar- uppgjöf.
		1. fl.	2. fl.	3. fl.		
2 ár.	3 mánuðir.	»	15 mánuðir.	6 mánuðir.	» mánuðir.	» mánuðir.
3 —	3 —	»	15 —	18 —	» —	» —
4 —	3 —	»	15 —	30 —	» —	» —
5 —	3 —	»	15 —	36 —	6 —	» —
6 —	3 —	»	15 —	36 —	18 —	» —
7 —	3 —	»	15 —	36 —	18 —	» —
8 —	3 —	»	15 —	40 —	22 —	12 —
10 —	3 —	»	15 —	54 —	24 —	16 —
12 —	3 —	»	15 —	60 —	30 —	24 —
16 —	3 —	»	15 —	78 —	32 —	36 —
						64 —

1874.

28. febrúar.

Nái fanginn samt sem áður fleirum tröppum, en þörf er á til þess að verða fluttur upp, áður sá tími er liðinn, sem hann samkvæmt yfirlitinu að minnsta kosti átti að vera í einhverjum flokki, skulu þær tröppur, sem umfram eru, taldar honum í hag í næsta flokki.

Sè fangi með fleiri dómum dæmdur í hegningar, sem skulu útteknar samfleytt hver á eptir annari, skulu hegningar þessar lagðar saman, ef sá, sem í hlut á, er dæmdur í þær áður en hann kom í hegningarhúsið, og þær samtals ná ekki framýfir 16 ár, og skal þá með hegninguna saman lagða fara eptir yfirlitinu að framan. En ef sá, sem í hlut á, er þegar byrjaður að úttaka hegningu á þeim tíma, er hann verður dæmdur í aðra hegningu, eða nemi hinar samanlögðu hegningar meira en 16 árum, eða skuli hlutaðeigandi úttaka æfilanga hegningarvinnu, ákveður landshöfðingi í hverju einstöku tilfelli, að hve miklu leyti og eptir hverjum nákvæmari reglum fanginn verði fluttur upp frá einu stigi til annars og úr einum flokki í annan.

Gefa skal tvær einkunnir, aðra fyrir hegðun og hina fyrir iðni við vinnuna. Fanginn getur eigi skorast undan, að vera við guðspjónustugjörðina. Verði fangi veikur, skal að eins gefa honum eina einkunn (sumsè fyrir hegðun), sem skal látin gilda tvöfalt. Til bréfaskrípta skal útvega sèrstakt leyfi hjá lögreglustjóranum.

Fyrir vonda hegðun skal lögreglustjóri hafa vald til sumpart að setja fangann niður í annan flokk, allt niður í hinn nedsta, sumpart, án þess að flytja hann niður í annan flokk, að taka af honum aukavinnulaun þau, og önnur hlunnindi, sem hann eptir því, hvað lengi hann hefir verið í þeim flokki, sem í hlut á, og hegðun sinni þar, samkvæmt eptirfylgjandi reglum, kann að hafa aflað sèr. Þegar fangi þannig verður fluttur niður eða sviptur hlunnindum, missir hann þær tröppur, sem hann hefir umfram. Verði fanginn fluttur frá 3. flokki niður í 1. flokk, eða frá hinu efra stigi í 2. eða 3. flokki annaðhvort niður í 1. eða 2. flokk, skal lögreglustjóri þar að auki ákveða, hvort hlutaðeigandi skuli aptur ganga gegnum þann flokk eða það stig,

1874.
28. febrúar.

sem ámilli liggur, eða hvort hann verði fluttur upp aptur beinlínis í þann flokk eða á það stig í þeim flokki, sem hann var fluttur niður úr. Sá fangi, sem þannig er hegnt með því að færa hann niður eða svipta hann hlunnindum, getur eigi orðið fluttur upp eða öðlazzt hlunnindi þau, sem hann áður hafði aflað sèr, nema því að eins, að hann á einum mánuði hafi fengið einkunnina »mæta vel«, eða á tveimur mánuðum samfleyttum samtals einkunnina »vel«.

Að öðru leyti skal gæta eptirfylgjandi nákvæmari reglna um hvern flokkinn fyrir sig:

Fyrsti flokkur.

Þessi flokkur er í rauninni að eins ætlaður til hegningar, sumssè fyrir þá, sem vegna vonðrar hegðunar annaðhvort samkvæmt 12. gr. eru fluttir þangað frá undirbúningsstiginu, eða verða fluttir niður í hann úr efri flokkunum. Reglugjörðin er hin sama og á undirbúningsstiginu. Vinnunni skal þannig háttað, að sett verði fyrir daglegt skylduverk, sem verði rannsakað hvert kvöld þegar vinnutíminn er á enda. Fyrir aukavinnu verður eigi veitt neitt endurgjald. Til þess að geta komizt upp í 2. flokk, skal sá fangi, sem kemur frá undirbúningsstiginu, hafa náð 12 tröppum; samt má fanginn hvernig sem á stendur eigi vera þar skemur en 3 mánuði.

Annar flokkur.

Hin sama reglugjörð gildir fyrir þennan flokk, sem fyrir 1. flokk. Samt skal veita fanganum ef hann lýkur við skylduvinnu þá, sem honum er sett fyrir, 4 aura (2 sk.) á dag fyrir það; má hafa helminginn af því til þess að kaupa þá fæðu fyrir, sem lögreglustjóri nákvæmar leyfir, svo og munn- og neftóbak. Þegar liðnir eru að minnsta kosti 6 mánuðir, og fanginn að meðaltali hefir hlotið einkunnina »vel«, geta vinnulaunin aukizt til 6 aura (3 sk.) á dag. Þegar fanginn er búinn að vera að minnsta kosti 15 mánuði í þessum flokki, og ef hann hefir hlotið að meðaltali sömu einkunn og nú var getið, getur hann komizt upp í 3. flokk.

Þriði flokkur.

Reglugjörðin er hèr hin sama og í 2. flokki með þeim

1874.

28. febrúar.

breytingum, sem hær skulu taldar: vinnulaunin fyrir skylduvinnu, sem af hendi er leyst, og sem að eins er litið eptir á hverri viku, er 8 aurar (4 sk.) á dag, og má verja helmingnum af því á sama hátt, sem í 2. flokki. Hvað lengi fanginn að minnsta kosti skuli vera í þessum flokki, er komið undir því, hvað langur hegningartíminn er, eins og yfirlitið að framan sýnir. En þegar hálfur sá tími er liðinn, er fanginn á að vera í þessum flokki og hann að meðaltali hefir hlotið einkunnina »vel«, má smá-saman láta honum enn fremur eptir, að brugðið sè útaf reglugjörðinni í þeim atriðum, sem nú skal telja: á sunnudögum og helgidögum má leyfa fanganum að vera lengur, en venjulegt er, í garðinum, ef veður er til þess; ef kringumstæðurnar leyfa það, skal reyndar setja honum fyrir skylduvinnu, en verði því ekki komið við, er það eigi bannað, að hann fáið við önnur störf; vinnulaunin eru ekki, eins og fyr, ákveðin, en greiðast á hverri viku eptir máli og vikt á aukavinnu þeirri, sem skilað er, og ef því eigi verður komið við að setja fanganum fyrir skylduvinnu, skal veita honum allt að því 16 aura (8 sk.) þóknun á dag, eptir því hvað iðinn hann hefir verið. Helmingnum af vinnulaununum má verja á sama hátt, sem nú var sagt, og til þess að kaupa almanak. Fanganum verða að eins gefnar einkunnir fyrir 3 mánuði í einu um hegðun hans og iðni við vinnuna, og getur hann eigi komizt upp á yfirferðarstigið, nema hann síðasta árið hafi náð svo mörgum tröppum, að hann að meðaltali hafi hlotið minnst »vel« fyrir hegðun sína.

14. grein.

III. Yfirferðarstigið.

Í stað þess, að fangarnir höfðu sèrstakan búning, á meðan þeir voru á hinum stigunum, skal þeim nú leyft að hafa búning, sem nálægist meira búningi þeim, er frjáls verkmaður er vanur að ganga í.

Fangarnir skulu eigi vinna fyrir lokuðum dyrum, og skal þeim, að svo miklu leyti sem unnt er, fengin sú iðja, er sè sem líkust þeirri, er þeir ætla að hafa sèr til atvinnu eptirleiðis. Þeim skal veittur nákvæmar ákveðinn partur af ágóðanum af

1874.

28. febrúar.

vinnunni, að tiltölu við það, sem frjálsir verkmenn fá, og mega þeir verja helmingnum af því eigi að eins til þess að útvega sér meiri fæðu, heldur einnig til að fá sér nýtsama hluti, þó með sérstaklegu leyfi lögreglustjórans. Vinnutíminn er að eins til kl. 7 á kvöldin.

Fangarnir eru ekki skyldir til að vera við guðshjónustu-gjörðina.

Föngunum skal gefinn kostur á að fá bækur úr bókasafninu.

Eigi skal gefa fanganum sérstaka einkunn fyrir hegðun hans, en stjórn hegningarhússins skal engu að síður hafa gætur á því, hvernig hann notar hið meira frelsi, sem honum er veitt. Það skal þannig bókað, ef hann fær ofanígjöf, og einnig, hver sök hafi verið til þess. Á mánaðar-fundum þeim, sem embættismenn stofnunarinnar hafa með sér, skal þriðja hvern mánuð sérstaklega ræða um fangann, og skal þá um leið bóka það, sem tekið hefir verið eptir viðvíkjandi hegðun hans. Gjöri hann sig sekan í broti, sem varðar hegningu, eða ef hann yfirhöfuð hefir hegðað sér svo, að menn verða að hafa vantraust á honum, skal hann, hvernig sem á stendur, fluttur aptur niður á þvingunarstigið, og getur hann ekki komizt aptur uppá yfirferðarstigið nema með sérstöku leyfi landshöfðingjans.

15. grein.

Með þeim skilyrðum, sem hér skal getið, má stjórn hegningarhússins bera það upp fyrir stjórnarráðinu fyrir Ísland, að fanga verði veitt sú uppgjöf á hegningu með tilteknum skilyrðum og nákvæmari takmörkum, sem skýrt er í næstu grein:

- a. ef fanginn er búinn að vera á yfirferðarstiginu samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 14. gr.;
- b. ef stjórnin yfirhöfuð hefir von um, að sá, sem í hlut á, eptir öllu ráðlagi hans, eptirleiðis muni hegða sér ráðvandlega;
- c. ef búíð er að útvega fanganum sómasamlega atvinnu eða stöðu í mannfélaginu.

16. grein.

Hin ófullkomna uppgjöf á hegningu.
Þegar fangi er náðaður með ákveðnum skilyrðum, samkvæmt

1874.

28. febrúar.

uppástungu þeirri, sem getið er um í 15. gr., skal láta hann lausan úr hegningarhúsinu, og eftir nákvæmari ráðstöfun landshöfðingjans fá hann í hendur lögreglustjórninni á þeim stað, þar sem búið er á undan að útvega honum atvinnu, og skal hann þar settur undir sèrstaklega umsjón lögregluvaldsins, og má hann því eigi fara burtu úr hreppnum án leyfis hreppstjórans nè úr lögsagnarumdæminu án leyfis lögreglustjórans. Þegar hann er látinn laus skal stjórn hegningarhússins heimilt að láta hann fá allt að $\frac{2}{3}$ af því, sem hann hefir unnið sèr inn með aukavinnu og sparað, og skal hún senda hlutadeigandi lögreglustjórn skriflega skýrslu um fatnað þann og aðra muni, sem hann hefir með sèr þá er hann er látinn laus, um helztu atriði í lífi hans (personalia), lýsing á útliti hans og skýrslu um það, hvernig hegðun hans og heilbrigðisástand hefir verið í hegningarhúsinu. Þar að auki skal sá hluti, er honum er veittur, af því, sem hann hefir unnið sèr inn með aukavinnu, sendur hlutadeigandi lögreglustjórn, sem sjálf fær fanganum það í hendur annaðhvort allt saman eða svo mikið af því, sem henta þykir, eftir því, hvernig á stendur.

Stjórnin skal brýna fyrir honum skilyrðin fyrir því, að hann sè náðaður, og fá honum í hendur lausnarbréf, þar sem talin eru upp þessi skilyrði, sem eru: að hann sè iðjusamur, ráðvandur og reglusamur; að hann nákvæmlega breyti eftir því, sem lögreglustjórnin kynni að leggja honum fyrir, og að hann að öðrum kosti án frekara dóms verði aptur settur í hegningarhúsið, til þess að úttaka það, sem eftir er af hegningu þeirri, sem hann var dæmdur í.

Fullkomið frelsi fær því fanginn ekki, fyr en sá hegningartími er liðinn, sem hann er dæmdur í, eða hann verður náðaður til fulls, ef hann hefir verið dæmdur í æflanga hegningarvinnu. Til þess tíma er sá, sem látinn er laus með ákveðnum skilyrðum, eigi kominn undan umsjón hegningarhússins, enda þótt hún sè fjarlægari, og verður hann því heldur ekki dreginn út á fangaskránni, en í hana verða ritaðar skýrslur þær, sem hlutadeigandi lögreglustjórn venjulega þriðja hvern mánuð skal senda stjórn hegningarhússins. Verði honum leyft að flytja

1874.

28. febrúar.

síð sig úr hreppnum, skal hreppstjórinn þegar í stað skýra lögreglustjóra frá því og hreppstjóranum í þeim hrepp, sem hann flytur í. Fáir hann leyfi til að flytja sig úr lögsagnarumdæminu, skal lögreglustjórinn tilkynna það lögreglustjóranum í því lögsagnarumdæmi, þar sem hann sezt að, svo að, þá er hann kemur í lögsagnarumdæmið, hlutaðeiganda hreppstjóra verði ef á þarf að halda sagt fyrir um, hvað gjöra skuli. Þegar svo á stendur, skal sömualeiðis þegar í stað senda hegningarhúsinu skýrslu um flutninginn.

Sá, sem látinn er laus með ákveðnum skilyrðum, hefir alls enga kröfu til framfærslu af hálfu hegningarhússins, en verður að öllu leyti sjálfur að sjá fyrir sér. Á hinn bóginn er hann heldur ekki framar háður ákvörðunum þeim, sem gilda um hegningarhúsið, heldur að eins hinum almennu borgaralegu lögum og þeim skilyrðum, sem sett voru fyrir hinni ófullkomnu hegningaruppgjöf. Brjóti hann gegn því, sem lögreglustjórn sú, er hefir umsjón yfir honum, kann að leggja honum fyrir sérstaklega, eða ef hegðun hans yfirhöfuð er á þá leið, að hann eigi uppfylli hina fyrstu ákvörðun í lausnarbréfi því, sem getið er um að framan, að hann sé iðjusamur, ráðvandur og reglusamur, skal lögreglustjórnin tilkynna stjórn hegningarhússins það, og má þá eftir uppástungu hennar við landshöfðingja og samkvæmt úrskurði hans setja hann aptur í hegningarhúsið, til þess hann úttaki þar það, sem eftir er af hegningartíma þeim, sem honum var gefinn upp með ákveðnum skilyrðum. Um þetta skal senda skýrslu til stjórnarráðsins. Gjörir hann sig sekan í hegningarverðu athæfi, skal hann, ef það eigi varðar hegningarvinnu, fyrst úttaka refsinguna fyrir það, og skal viðstöðulaust þar á eftir setja hann í hegningarhúsið, en ef hegningarvinna liggur við, skal hann fyrst úttaka það, sem eftir var af hegningunni, sem hann fyrst var dæmdur í, áður en hann er látinn sæta hinni síðari hegningu.

Þegar búid er að ná hinu fullkomna frelsi, skal borga út það, sem eftir var haldið af því, sem fanginn hafði unnið sér inn með aukavinnu, og ef sá, sem í hlut á, deyr innan þess tíma, skal það fengið í hendur hlutaðeiganda skiptarétti, svo það verði talið með tekjum í búinu eftir hann.

17. grein.

1874.

28. febrúar.

Allir embættis- og sýslunarmenn við hegningarhúsið skulu að minnsta kosti einu sinni á viku vitja allra fanganna, og rita upp það, sem þeim þykir athugasvert um siðferði og iðni hvers fanga. Einu sinni á mánuði skulu embættis- og sýslunarmenn þessir eiga fund með sèr, og skal þá hver af þeim skýra frá athugasemdum þeim, sem hann hefir ritað hjá sèr um hegðun hvers fanga útaf fyrir sig frá síðasta fundi. Umræðurnar, sem lögreglustjóri bókar, skulu vera til þess, að mönnum verði sem kunnugast um hvern einstakan fanga, allt frá því að hann kom inn í hegningarhúsið til þess tíma, er hann er látinn laus, og er því hver fundarmaður skyldur að styðja að því sem hann framast má. Skyldi nokkur geta látið í tæ upplýsingar, sem eru sèr-staklega áriðandi, er það vitaskuld, að hann þegar skýri lögreglustjóranum frá þeim Einkunnirnar um iðni og hegðun hvers fanga verða ákveðnar eptir þessu af öllum fundarmönnum, og ritaðar í gjörðabókina. Ef atkvæði eru jöfn, skal atkvæði lögreglustjóra ráða. Sèrhver fundarmaður getur heimtað, að ágreinings-atkvæði hans verði bókað, og skal gjörðabókin sýnd landshöfðingja.

Lögreglustjóri skal halda bók, sem nafn hvers fanga er ritað í á sèrstöku blaði, og skal hann færa til í bókina allt, sem snertir fangann, til þess menn þar ávallt geti fengið ljósa hugmynd um allt líferni fangans í hegningarhúsinu.

B. Betrunarhúsvinna í sameining.

18. grein.

Um þá betrunarhúsfanga, sem eptir ákvörðun landshöfðingjans skulu úttaka hegninguna annaðhvort að öllu leyti eða að nokkru leyti með vinnu á samverustofu, gilda reglur þær, sem settar eru að framan, en samt með þeim breytingum og nákvæmari ákvörðunum, sem hær segir:

1. Þann tíma, sem fangarnir eiga að minnsta kosti að vera í hverjum flokki, skal styttu samkvæmt eptirfylgjanda yfirliti;

1874.

28. febrúar.

Hegningartíminn, sem fanginn er dæmdur í.	Undirbúningsstígið.	Þvingunarstígið.			Yfirferðarstígið.	Hin ófullkomna hegningar- uppgjöf.
		1. fl.	2. fl.	3. fl.		
$\frac{2}{3}$ árs.	3 mánuðir.	5 mánuðir.	» mánuðir.	» mánuðir.	» mánuðir.	»
1 ár.	3	7	2	—	»	»
$1\frac{1}{2}$	3	7	8	—	»	»
2	3	7	14	—	»	»
3	3	7	20	—	6	»
4	3	9	24	—	12	»
5	3	9	30	—	18	»
6 ár eða þar fram- yfir.	3	9	36	—	það, sem eftir er af hegningar- tímanum.	»

Í 2. flokki þvingunarstigsins má, eptir að liðnir eru minnst 3 mánuðir, auka vinnulaunin til 6 auru (3 sk.) á dag.

1874.

28. febrúar.

2. Þegar betrunarhúsfangi, sem hefir úttekið nokkuð af hegningunni í kompu sèr, er fluttur yfir í samvinnu, ákvarðar landshöfðinginn, í hvern flokk samvinnufanganna hann skuli settur.

3. Þegar betrunarhúsfangi að eins um stund hefir verið fluttur yfir í samvinnu, skal lögreglustjóri, er hlutaðeigandi læknir álitur, að ekkert sè því til fyrirstöðu, að fanginn aptur geti úttekið hegninguna í kompu sèr, senda skýrslu um það til landshöfðingja. Verði hann þá settur í kompu sèr, skal stytta hegningartímann samkvæmt 14. gr. í hegningarlögunum.

19. grein.

Betrunarhúsfangar, sem látnir eru í hegningarhúsið, skulu, jafnskjótt og tekið er við þeim, rannsakaðir nákvæmlega af lögreglustjóranum og læknum, til þess það verði ákveðið, hvort sá, sem í hlut á, verði látinn úttaka hegninguna í kompu sèr án þess mein verði af. Skal síðan bera málið undir landshöfðingja, og þangað til úrskurður hans er fenginn, skal sá, sem í hlut á, sitja í kompunni, þar sem hann er, nema lögreglustjóri eptir raun þeirri, sem orðið hefir við rannsóknina, áliti að óumflýjanleg nauðsyn sè til, að setja hlutaðeiganda þegar í stað til samvinnu með öðrum.

II.

Hegningarvinna í kompu sèr.

20. grein.

Hegningarvinnu, sem úttaka skal í kompu sèr, skal sömu leiðis fylgt fram eptir hinni áfram líðandi hegningarreglu, að því leyti sem hegningartíminn skiptist í 4 stig, sem eru:

1. stig, og eru reglurnar um skylduvinnu, vinnulaun og verutíma þar hinar sömu, sem settar eru að framan um undirbúningsstigið með tilliti til hegningarvinnu í sameining.

1874.

28. febrúar.

2. stig, með ákveðinni skylduvinnu og vinnukaupi, 4 aurum (2 sk.) á dag fyrir hvern verkdag; skal fanginn vera á því stigi að minnsta kosti eitt missiri.
3. — með ákveðinni skylduvinnu og vinnukaupi, 6 aurum (3 sk.) á dag fyrir hvern verkdag; veran á því stigi er að minnsta kosti 1 ár.
4. — með ákveðinni skylduvinnu og vinnukaupi, 8 aurum (4 sk.) á dag fyrir hvern verkdag.

Að öðru leyti gilda reglur þær, sem settar eru að framan um hegningarvinnu í sameining, með þeim breytingum, sem með þarf.

21. grein.

Ráðgjafinn fyrir Ísland skal hafa heimild til að veita þær tilhlíðranir frá því, sem fyrir er mælt í tilskipun þessari, sem eptir því, hvernig á stendur, kunna að virðast æskilegar, og eigi koma í bága við grundvallarreglur hennar.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

28. febrúar.

7. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um hegningarhúsið í Reykjavík.

Með tilskipun, sem út kom í dag um, að ákvarðanir þær um stundar sakir, sem almenn hegningarlög handa Íslandi, 25. júní 1869 307. gr., hafa inni að halda, skuli falla úr gildi að nokkru leyti, er ákveðið, að fara skuli að nota hegningarhúsið í Reykjavík og fangelsið, sem því er sameinað, 15. ágúst þ. á.

Um leið og vèr sendum yður, herra landshöfðingi, nokkur exemplör af fyrnefndri tilskipun, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, það sem hér segir.

Um það, hvernig hegningarvinnan skuli út tekin í hegningarhúsinu í Reykjavík, hefir stjórnarráðið borið sig saman við fangelsis-skrifstofuna, og verður að aðhyllast þá skoðun, að hinni áfram-